

1166. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13.12 2017, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1165. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1165. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Dómsmál gegn Atvinnuleysistryggingasjóði vegna dráttarvaxta

Stefán sagði frá því að Ragnar Þór hefði sent stjórnarmönnum VR tölvupóst dags. 22. nóvember 2017, þar sem lagt var til að farið verði í dómsmál til þess að fá skorið úr þeim ágreiningi okkar við Vinnumálastofnun hvort greiða eigi dráttarvexti á endurreiknaðar atvinnuleysisbætur sem félagsmönnum VR voru dæmdar í því máli sem við unnum gegn Atvinnuleysistryggingasjóði í Hæstarétti með dómi nr. 501/2016.

Stjórnarmenn veittu samþykki fyrir því í svarpóstum sínum.

3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að Gylfi, forseti ASÍ, og Halldór Benjamín frá SA hafi hitt Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra þar sem gerð hafi verið málamiðlun varðandi tilgreinda séreign sem er á þá leið að þeir lífeyrissjóðir sem séu með samtryggingarhluta taki eftir sem áður við iðgjaldagreiðslunum en sjóðsfélagar geti kosið að ráðstafa því þaðan til annarra sjóða en þá gegn umsýslugjaldi. Þetta er jákvæð lending í flóknu máli.

Umræður.

Dóra mætir hér til fundar kl. 17:42

Ragnar Þór sagði frá fundi samninganefndar um stjórnkerfi lífeyrissjóða. Það er vilji bæði hjá ASÍ og SA að fullmóta breytingar á skipan í stjórnir lífeyrissjóða. Lendingin yrði ekki ósvipuð og það fyrirkomulag sem notað var hjá okkur síðast. Skipuð verða fulltrúaráð, stjórnarsæti auglýst og svo kosið í

fulltrúaráðinu. Þegar fullmótaðar tillögur liggja fyrir þá skoðum við þetta hér og tökum til samþykktar. Verður spennandi að sjá hvað kemur út úr þessu.

Ragnar Þór sagði líka frá því að Hannes frá SA hafi haft samband í framhaldi af því að stjórn hafnaði tilraunaverkefni frá Festi – þau vilja taka upp þráðinn aftur og kynna fyrir kjaramálanefnd VR – skoðum það í janúar.

Ólafur Stephensen hjá FA hefur óskað eftir fundi vegna Miðlunar, næsta mánudag. Ragnar Þór lætur vita betur af því síðar.

Þá ræddi Ragnar Þór lítillega kjaradeilu flugvirkja en hvað kjarasamninga almennt viðvikiur muni línur skýrast í byrjun janúar.

Umræður.

4. 9 mánaða uppgjör

Stefán lagði fram skjalið „Lykiltölur VR jan – sept 2017“ og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli hans kom m.a. fram að fjölgun félagsmanna á tímabilinu sé 8,0% sem er mjög mikil hækkun jafnvel þótt þar spili inní sameining við VMS en án þess sé fjölgun engu að síður 5,4%. Símtölum heldur áfram að fækka (-3,7%) en á mótí haldi áfram aukning í heimsóknum á vefsíðuna vr.is (16,2%) og á Mínar síður (25,8%). Þá fjölga einnig póstum á póstfangið vr@vr.is um 17.0%.

Stefán rakti aðrar lykiltölur og m.a. að gríðarleg aukning sé í greiðslu sjúkradagpeninga þar sem aukningin er komin í 27,1%. Þetta er alvarleg þróun sem þurfi að skoða mjög vel. Reikna má með því að við verðum allt að 250 milljónum kr. yfir áætlun hér og verður því að skoða vel innlögn í VR varasjóð næst vegna þessa.

Næst fór Stefán lauslega yfir tölur á hvern félagsmann reiknaðar á ársgrundvelli en lagði svo fram skjalið „Raun vs. áætlun – janúar – september 2017 – Samstæða VR“ og fór yfir helstu tölur á slæðum. Kom þar m.a. fram að rekstrartekjur á tímabilinu séu 2.9 milljarðar kr. sem er 3.6% umfram áætlun, rekstrargjöld 2.6 milljarðar kr. og rekstrartekjur umfram gjöld 318 milljónir kr. sem er 95,4% umfram áætlun. Fjármagnsliðir eru alls 379 milljónir kr. og hreinar tekjur til ráðstöfunar 698 milljónir kr.

Ingibjörg Ósk kom hér til fundar kl. 18:11

Eignir VR eru 12 milljarðar kr. og hafa vaxið – nafnávöxtun á sjóðum VR er 6,14% en raunávöxtun 4,75%.

Umræður.

Í umræðum var samþykkt að halda sérstakan fund stjórnarmanna þar sem farið verður yfir hvernig við getum brugðist við aukningu í sjúkrasjóði.

5. Rekstraráætlun 2018

Stefán lagði fram skjalið „*Rekstraráætlun VR 2018*“ sem fjallað var um á síðasta fundi. Engar athugasemdir komu milli funda. Stefán sagði að þessi áætlun væri borin upp til samþykktar með þeim fyrirvara að ef farið verði í að smíða sérstakt VR app á vefinn skuli það borið upp til sérstaks samþykkis í stjórn fyrst.

Ragnar Þór bar þá upp rekstraráætlun VR 2018 eins og hún hefur verið kynnt og rædd.

Samþykkt samhljóða.

6. Þátttaka VR í baráttunni gegn kynferðislegri áreitni

Ragnar Þór sagði að þessi umfjöllun nú kæmi í kjölfar vinnu á fundi Jafnréttisnefndar VR og #metoo herferðarinnar.

Svanhildur Ólöf, formaður Jafnréttisnefndar VR, tók til máls og lagði fram skjölin „*Kynferðisleg áreitni á vinnumarkaði – aðgerðaáætlun, frétt og slagorð*“ og „*Kynferðisleg áreitni – drög að aðgerðaáætlun 2017*“ og fór yfir efni þeirra. Í máli hennar kom m.a. fram að ákveðið hafi verið að senda út frétt um það hlutverk VR að aðstoða félagsmenn varðandi málefni kynferðislegrar áreitni og þar verði slóð á góða upplýsingasíðu sem stillt verði upp á vef VR. Þessu verði síðan fylgt eftir með auglýsingum á vefborðum og slagorðum á Facebook og í kjölfarið myndi Gallup framkvæma könnun um málið meðal félagsmanna. Síðar yrðu niðurstöður kynntar á fundi eða ráðstefnu þar sem rætt yrði áfram um aðgerðir og jafnvel kynntar reynslusögur félagsmanna og fengnir erlendir fyrirlesarar ef hægt er.

Það yrði því eins konar „mini-herferð“ sett af stað á morgun eða föstudag um það hvernig félagsmenn geti leitað til okkar og er það í anda „Þekktu þinn rétt“ herferðarinnar. Samkvæmt skoðun hefur ekki orðið vart aukningar á tilkynningum um kynferðislega áreitni hjá skrifstofu – en Svanhildur Ólöf rakti loks helstu niðurstöður kannana Gallup um þetta efni undanfarið og las svo upp allar þær spurningar sem við hyggjumst spyrja í könnun VR, sýndi svo á slæðum fréttina sem send verður út og þau drög að slagorðum sem búið er að stilla upp.

Umræður.

7. Skipun í kjörstjórn VR 2018

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Tillaga um kjörstjórn VR 2018*“ en þar er lagt til að stjórn VR skipi eftirtalda aðila í kjörstjórn VR fyrir árið 2018:

Aðalmenn skipaðir af VR:

Hjördís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra námsmanna erl.
Þorsteinn Þórólfsson, Húsasmiðjan

Varamenn:

Póra Skúladóttir Öfjörð, Vörubílastöðin Þróttur
Jón Hrafn Guðjónsson, hjá Flugger

Í samræmi við 19. gr. laga VR er lagt til að leitað verði til ASÍ með að skipa einn aðalmann og einn til vara í kjörstjórn VR.

Þessa tillögu bar Ragnar Þór því næst upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

8. Sameining SVS og starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Ingibjörg Ósk lagði fram skjalið „*Tillaga að sameiningu SVS og SV*“ dags. 12.12 2017 sem er bréf til stjórnar VR frá stjórn SV varðandi ósk um heimild til að stofna til viðræðna um sameiningu starfsmenntasjóðanna tveggja.

Kom fram hjá henni að sífellt sé verið að aðlaga reglur SV (FA sjóðurinn) að reglum SVS (SA sjóðurinn) og síðan sé VR í raun komið með allsherjar umsjón með báðum sjóðum. Óskin sé í raun á því formi að minni sjóðurinn sé að sameinast þeim stærri.

Ragnar Þór bar upp til samþykktar að brugðist yrði jákvætt við þessari ósk.

Samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 20:45
Árni Leósson, fundarritari